



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stykkishólmi 15. maí 2011

Efni: Frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi (veglagning út með Þorskafirði um Teigsskóg), 439. mál.

Vegna útfærslu nefndasviðs Alþingis á heiti þingmálsins, þar sem skeytt er við í sviga orðunum „veglagning út með Þorskafirði um Teigsskóg“ bendir Breiðafjarðarnefnd á að þetta viðskeyti er misvísandi. Fyrirhugað vegstæði frá Þórisstöðum að Gröf liggur ekki um Teigsskóg heldur að mestu um núverandi vegstæði að Gröf. Innri mörk Teigsskógar eru við Grímkeisstaðaá sem jafnframt er landamerki milli jarðanna Grafar annars vegar og Teigsskógar og Hallsteinsness hins vegar. Vegurinn teigir sig síðan út fyrir mörk Teigsskógar á Hallsteinsnesi, yfir Djúpafjörð í Grónes og þaðan yfir Gufufjörð og upp á Melanes.

Breiðafjarðarnefnd hefur á fyrri stigum fjallað um mál þetta af fleiri en einu tilefni og jafnan skilað jákvæðri umsögn um framkvæmdina eins og henni er lýst í frumvarpinu.

Fyrst skal vakin athygli á samþykkt Breiðafjarðarnefndar frá 29. júní 1999 með tillögu til Vegagerðarinnar um að þá þegar yrði hafinn undirbúningur að mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirsjáanlegrar vegagerðar á 100 km kafla milli Bjarkalundar í Reykhólahreppi og Flókalundar í Vesturbyggð þar sem vegna landhátta og lítils undirlendis yrði að gera ráð fyrir þverunum fjarða og veglagningu um fjarðabotna. Sérstaklega var fjallað um þessa tilteknu vegagerð, sem þá þegar var gert ráð fyrir í samþykktu svæðisskipulagi fyrir Dalasýslu og Austur- Barðastrandarsýslu, sem staðfest var af umhverfisráðherra 4. janúar 1996.

Breiðafjarðarnefnd fjallaði síðan um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á flestum stigum, allt frá fyrstu drögum að tillögu að matsáætlun árið 2003, þar sem lagt var til að leið B yrði einn þeirra kosta sem teknir yrðu í matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum fyrir framkvæmdina Vestfjarðavegur (nr. 60) Þórisstaðir – Eyrará í Reykhólahreppi eins og heiti hennar var á þeim tíma.

Í umsögn sinni til Skipulagsstofnunar dags. 22. janúar 2004, um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar lýsti Breiðafjarðarnefnd því yfir að hún gerði ekki athugasemdir við staðfest svæðisskipulag fyrir Reykhólahrepp 1992-2012, sem gerði ráð fyrir framtíðar legu Vestfjarðavegar yfir Þorskafjörð við Kinnarstaði, áfram út Hallsteinsnes og þvert yfir mynni Djúpafjarðar, um Grónes og yfir mynni Gufufjarðar upp á Melanes að Kraká, svokallaða leið B. Þessi afstaða nefndarinnar er óbreytt.



Jafnframt lýsti nefndin því að hún teldi að við þverun fjarða sé afar brýnt að ávallt sé gert ráð fyrir því að full vatnsskipti verði tryggð í tíma og rúmi, þannig að leirur og fjörur innan þverana verði ekki fyrir áhrifum af vegagerðinni. Gerði nefndin þá kröfu að í matsskýrslu yrði gert ráð fyrir að svo verði.

Í desember 2005 skilaði Breiðafjarðarnefnd umsögn til Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Vestfjarðavegur nr. 60: Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi eins og hún var nefnd þá.

Umsögn Breiðafjarðarnefndar þá eins og nú er takmörkuð við þá hluta framkvæmdarinnar sem er á starfssviði nefndarinnar, sem eru þær veglínur sem fara um fjörusvæði, sker og hólma og þvera firði. Framkvæmdir á landi þ.m.t. vegagerð, sem eru ofan fjörukambs, eru ekki á starfssviði nefndarinnar. Byggir þetta á skilgreiningu 2. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tekið skal fram að nefndin telur ekki tækt að túlka þessa skilgreiningu svo þröngt að hjá því verði komist að fjalla um umhverfispætti sem varða samfélag, umferðaröryggi, hávaða, mengun og landslag.

Breiðafjarðarnefnd vekur athygli á því að lög um vernd Breiðafjarðar standa ekki ein og sér, heldur verður að túlka þau með vísan til annarra laga. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar skulu sveitarfélög við gerð skipulagsáætlana á verndarsvæði Breiðafjarðar leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar.

Í samræmi við þetta veitti Breiðafjarðarnefnd umsögn sína við gerð aðalskipulags Reykhóla-hrepps 2006-2018 sem umhverfisráðherra staðfesti 24. ágúst 2009. Nefndin mælti með samþykkt skipulagsins eins og það var lagt fram af hreppsnefnd Reykhólahrepps, þ.m.t. þeirri framtíðar legu Vestfjarðarvegur sem þar er gert ráð fyrir, sem er hin sama lega vegarins og það frumvarp sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir, þ.e. leið B. Miðað við það umhverfismat sem fyrir liggur og þá fyrirvara sem settir eru fram í frumvarpinu telur Breiðafjarðarnefnd að þessi lega vegarins taki tillit til verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Einnig að þetta samræmist vel því markmiði skipulagslaga nr. 123/2010 að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi.

Þeirri skoðun hefur verið haldið fram að Breiðafjarðarnefnd eigi í umsögnum sínum fyrst og fremst að taka tillit til náttúruverndar- og umhverfissjónarmiða, annað sé ekki í anda laganna. Af því tilefni vekur nefndin athygli á eftirfarandi athugasemdum sem fylgdu frumvarpinu sem varð að lögum um vernd Breiðafjarðar. „Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að í lögnum verði einungis almenn verndarákvæði sem gilda skuli um allt svæðið. Það er ljóst að taka verður tillit til margra ólíkra sjónarmiða sem erfitt getur verið að samræma ef vernda skal náttúru Breiðafjarðar og menningarminjar í firðinum og tryggja jafnframt blómlegar byggðir um ókomin ár. Góður árangur af þeirri viðleitni næst ekki, nema með skilningi og vilja heimamanna.”



Í samræmi við þetta hefur Breiðafjarðarnefnd að leiðarljósi, að þó náttúran og umhverfið séu mikilvæg, má það ekki bitna á lífsgæðum íbúanna af því leiti að gerðar séu minni kröfur til grunngerðar samfélagsins við Breiðafjörð, en annars staðar á landinu þar sem fólk býr. Í því felst m.a. að ekki er ásættanlegt að rýrari kröfur séu gerðar við Breiðafjörð til umferðarmannvirkja hvað greiðfærni og öryggi varðar en annars staðar á landinu.

Niðurstaða

Við fyrirhugaða vegalagningu munu fjörur og leirur skerðast sem nemur flatarmáli vegarins, en þær eru af algengri fjörugerð í norðanverðum Breiðafirði. Ef litið er á svæðið í heild sinni má segja að skaði á lífríki verði ekki umtalsverður. Erfitt er að koma fyrir frambærilegum vegaframkvæmdum á svæðinu án þess að umhverfisáhrifa gæti að einhverju leiti á viðkvæmum svæðum. Á slíkum svæðum verður, samkvæmt frumvarpinu, unnið að útfærslum í samráði við opinberar stofnanir sem við á hverju sinni. Til að forðast að leggja veg yfir firði og fjörur yrði að ráðast í jarðgöng sem ekki hefur verið talið arðbært vegna kostnaðar.

Jákvæð áhrif leiðar B eru að Vestfjarðavegur styttest umtalsvert við framkvæmdina eða um 12,7 km. Því verður útblástur mengandi efna minni en á núverandi vegi, bæði vegna þessarar miklu styttingar en ekki síður vegna þess að vegurinn færir niður á láglandi, og ökutæki þurfa ekki að klifra eftir hlykkjóttum vegum upp í 336 metra hæð á Hjallahálsi og 160 metra hæð á Ódrjúgshálsi þar sem langshalli á vegi er nú 16%. Af sömu ástæðu má gera ráð fyrir að hljóðmengun minnki umtalsvert, fyrir utan það hversu umferðaröryggi eykst gríðarlega.

Breiðafjarðarnefnd mælir með því að frumvarp þetta verði að lögum með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 2. gr. frumvarpsins. Telur nefndin þessa niðurstöðu vera er í samræmi við fyrri aðkomu nefndarinnar að málinu eins og að framan er rakið.

Með bestu kveðjum,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Kolbrún Reynisdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar